

Nd.

25. Frumvarp til laga

um raforkusjóð.

Flm.: Ingólfur Jónsson, Sigurður Bjarnason, Gunnar Thoroddsen, Jón Pálmason.

1. gr.

Stofna skal sjóð, er nefnist raforkusjóður. Tilgangur sjóðsins er að veita styrki til að gera raforkuver og raforkuveitur, sem reist verða í sveitum og kauptúnum eftir að lög þessi öðlast gildi.

2. gr.

Ríkissjóður greiðir til raforkusjóðs 5 millj. kr. af tekjuafgangi ársins 1941 og 500 þúsund krónur á ári. Fé raforkusjóðs skal geymt og ávaxtað í banka.

3. gr.

Búnaðarfélag Íslands annast stjórn raforkusjóðs og hefur á hendi ákvarðanir um styrkveitingar úr honum, að fengnum tillögum trúnaðarmanna ríkisstjórnarinnar um rafveitumál.

4. gr.

Styrkur úr raforkusjóði má nema frá 25—50% af stofnkostnaði orkuvers eða orkuveitu. Skal veita þeim umsækjendum hlutfallslega mestan styrk, sem hafa örðugasta aðstöðu til að byggja orkuver og orkuveitur.

5. gr.

Raforkusjóður er undanþeginn tekjuskatti, útsvari, stimpilgjaldi og öðrum sköttum til ríkis, sveitar- og bæjarfélaga.

6. gr.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um sjóðinn og styrkveitingar úr honum, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands og rafmagnseftirlits ríkisins.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

G r e i n a r g e r ð.

Rafmagn hefur um mörg undanfarin ár verið það eftirsóttasta og nauðsynlegasta, sem nútíma tækni getur veitt mönnum. Rafmagn er nú komið í alla kaupstaði og mörg sjávarþorp hér á landi. Þéttbýlið hefur gert það mögulegt að veita íbúum kaupstaðanna þessi þægindi. Leiðslukerfið er stutt þar, sem íbúðarhúsin standa hvert við annað. Þetta dregur úr kostnaði og eykur notkun rafmagnsins. Dreifbýlið, sveitirnar og smærri sjávarþorp vantar rafmagn. Þær hafa ekki enn notið þeirra þæginda og ánægju, sem af því leiðir. Munurinn á aðstöðu sveita og bæja í þessu efni hefur meðal

annars orðið til þess að ýta undir fólk til þess að flytja úr sveitinni til rafljósanna og þægindanna við sjóinn. Það eru aðeins fá ár síðan meira en helmingur þjóðarinnar bjó í sveitum landsins, en nú er það $\frac{1}{3}$ eða tæplega það.

Hlutfallið á milli bæja og sveita hefur raskast það mikið síðustu árin, að ekki verður hjá því komizt að hefjast handa nú þegar með lagfæringu á því. Þeir, sem enn stunda framleiðslustörf í sveit, verða að búa við svipuð lífþægindi og þeir, sem búa í þéttbýli, en það er mögulegt, ef rafmagnið verður leitt á sem flesta sveitabæi.

Sveitirnar verða að fá rafmagn. Það þarf að lýsa og hita upp hina köldu bæi og koma á þann hátt í veg fyrir það, að fólksstraumurinn haldi áfram úr sveitunum.

Vegna þess, hvað langt er milli sveitabæjanna, verður rafleiðslan stærsti kostnaðarliðurinn. Það er rafmagnsnetið, sem á að spenna greipar um allar sveitir, sem hefur þann kostnað í för með sér, að bændur geta ekki risið undir því.

Þess vegna verður að gera sérstakar ráðstafanir til þess að létta á þeim kostnaði, enda munu sveitir Íslands verða rafmagnslausar um langa framtíð, ef bændum einum er ætlað að bera allan kostnað af framkvæmdinni.

Nú er mikið peningaflóð í landinu. Tekjurnar eru miklar hjá ýmsum fyrirtækjum og einstaklingum. Ríkissjóður tekur bróðurpartinn af þessum tekjum í beinum og óbeinum sköttum. Afkoma ríkissjóðs hefur því aldrei verið eins góð og s. l. ár, enda voru nettótekjurnar um 17 millj. kr. Ef ekki koma sérstök óhöpp fyrir á yfirstandandi ári, má vænta allríflegs tekjuafgangs fyrir þetta ár. Það má því ætla, að ríkissjóður verði vel fjáður í árslok 1942.

Það riður á, að þessu fé verði vel varið. Það má ekki fara í eyðslu. Það má ekki týnast eða verða étið upp meðan enn er gott árferði. Fé þetta á að geyma, leggja það til hliðar og nota til nauðsynlegra framkvæmda eftir stríðið.

Með því að mynda nú þegar styrktarsjóð fyrir raflagnir í sveitum með 5 millj. kr. framlagi úr ríkissjóði má tryggt telja, að sjóður sá geti styrkt að verulegu leyti rafleiðslur í dreifbýlinu, strax þegar efni fæst til framkvæmdanna.

Nánar í framsögu.